

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1055 Lausleg þýðing
komudagur 21/4 1997 17. apríl 1997 HZ

Reglur um afnot kirkju (norskar)

Samþykktar á Kirkjuþingi 1991

Reglurnar gilda um afnot kirkju að undanskildum
föstum guðspjónustum og kirkjulegum athöfnum.

KAFLI 1: ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. (Aðalákvæðið um afnot kirkju)

Kirkjan er vígð til notkunar fyrir guðspjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir og á að vera Guði til dýrðar og söfnuðinum til uppbyggingar.

Gegnum boðun Guðs orðs, útteilingu sakramenta og aðra kirkjulega starfsemi er kirkjan aðalsamkomustaður guðspjónustu og trúarlegs starfs safnaðarins.

Afnot kirkju eru háð tilsjónarvaldi biskups.

Umgangast skal kirkju ásamt því er henni fylgir með virðingu og á forsvaranlegan hátt.

Kirkjuna má ekki nota til pólitískra funda eða starfsemi.

Kirkjuna má ekki nota til neinnar starfsemi er varðar viðskiptaleg málefni.

2. gr. (Skilgreiningar)

Í reglum þessum er með eftirfarandi hugtökum átt við:

a) Kirkja

Bygging sem er vígð sem kirkja samkvæmt lögum um kirkjur og kirkjugarða nr. 1 frá 3. ágúst 1897, 54. gr., 1. tl., og sem er í eigu safnaðarins.

Eftir því sem við getur átt, gilda reglurnar einnig um aðrar kirkjur og húsnæði sem vígt er til varanlegra eða tímabundinna nota fyrir kirkjulegt starf, svo og kapellur.

b) Prestur

Skipaður/ráðinn prestur í söfnuðinum (prófastur í sínu eigin prestakalli, sóknarprestur og kapellán(astoðarprestur), svo og þeir sem leysa þá af.

KAFLI 2: AFNOT SAFNAÐARINS AF KIRKJUNNI

3. gr. (Notkunartilgangur)

Söfnuðurinn getur notað sóknarkirkjuna til

- a) guðspjónustu
- b) uppbyggilegra funda
- c) kirkjulegra tónleika
- d) annars kirkjulegs eða menningarlegs samkomuhalds, sem falla undir markmiðin sbr. 1. gr.

Sóknarnefndin getur boðið mönnum sem tilheyra noskru kirkjunni eða öðrum kristnum samtökum að taka þátt í samkomum, sjá 1. gr. 3. tl.

Sóknarnefndin notar kirkjuna almenn við kosningu nýrrar sóknarnefndar, og hún getur ennfremur notað hana til eigin funda og safnaðarfunda, sbr. að örðu leyti 1. gr. 3. tl.

4. gr. (Kærur)

Ákvörðun sóknarnefndar um afnot kirkju skv. 3. gr. má kæra til biskups. Ákvörðun biskups er fullnaðarákvörðun sem ekki verður kærð frekar.

Kæururétt á hver sóknarnefndarmaður, svo og prestar í prestakallinu sem ekki eru í sóknarnefndinni.

Kæra frestar ekki ákvörðun nema það sé ákveðið af sóknarnefnd eða biskupi.

Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnarsýslulaganna um kærur.

KAFLI 3: ÚTLÁN SÓKNARNEFNDARINNAR Á KIRKJUNNI

5. gr. (Útlán til meðlima norsku kirkjunnar.)

Heimilt er sóknarnefnd að lána kirkjuna meðlimum norsku kirkjunnar til

- a) guðspjónustu
- b) uppbyggilegra funda
- c) kirkjulegra tónleika
- d) annars kirkjulegs eða menningarlegs samkomuhalds, sem falla undir markmið um afnot kirkjunnar, sbr. 1. gr.

6. gr. (Útlán til annarra en meðlima norsku kirkjunnar)

Sóknarnefndin getur lánað kirkjuna meðlimum annarra safnaða en norsku kirkjunnar, í tilgangi sem nefndur er í 5. gr., sbr. að öðru leyti 1. gr. 3. tl.

Í viðbót við þann tilgang sem nefndur er í 5. gr. kemur 1. tl. einkum til álitá varðandi afnot við skírnir, hjónavígslu og útfarir, sem ekki eru framkvæmdar af þjónandi presti norsku kirkjunnar.

7. gr. (Málsmeðferð)

Ákvörðun sóknarnefndar skv. 5. gr. eða 6. gr. telst einstök stjórnsluathögn sbr. 2. gr. stjórnslulaga. Málsmeðferðin skal vera samkvæmt köflum IV og V í stjórnslulögunum.

8. gr. (Kæra)

Kæra má ákvarðanir sóknarnefndar skv. 5. og 6. gr. til biskups. Ákvarðanir biskups verða ekki bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

Kæru rétt eiga, auk þess sem óskað hefur eftir afnotum af kirkjunni, sérhver sóknarnefndarmaður og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta að lögum.

Kærufrestur er 3 vikur frá þeim tíma er tilkynning um ákvörðun berst þeim sem kæru rétt á eða þeim tíma sem honum hefði borið að afla sér vitneskju um ákvörðunina.

Að öðru leyti gilda ákvæði VI. kafla stjórnslulaga um kærur.

9. gr. (Endurgjald eða greiðsla kostnaðarvegna afnota af kirkju)

Við útlán á kirkju getur sóknarnefnd sett sem skilyrði að afnotahafi skuli greiða þann kostnað sem af afnotunum leiðir.

Endurgjalds umfram það sem að ofan greinir í 1. mgr. má aðeins krefjast þegar kirkjan er lánuð undir tónleika, umræðufundi og kirkjulega starfsemi sem ekki er í tengslum við reglubundnar guðspjónustur. Ákvæði um þetta skal setja samkvæmt lögum um kirkjur og kirkjugarða nr. 1 3. ágúst 1897, §§ 15 og 16.

KAFLI 4.

AFNOT PRESTS AF KIRKJUNNI

10. gr. (Afnot sóknarprests af kirkju)

Auk hinnar fyrirmæltu guðspjónustu og kirkjulegs starfs getur prestur notað kirkju prestakallsins til að halda aukalegar guðspjónustur, fyrirlestra og aðrar samkomur sem eru til uppbyggingar söfnuðinum.

Starfi fleiri en einn prestur í viðkomandi sókn, skulu þeir eiga samvinnu um skiptingu afnota. Verði þeir ekki sammála, kveður biskup upp úr um álitæfnið. Sóknarnefndin skal áður tjá sig um málið.

Sá prestur sem notar kirkju skv. 1. mgr. getur boðið mönnum sem tilheyra norsku kirkjunni eða öðrum kristnum trúfélögum til þess að taka þátt í samkomunni, en prestinum er óheimilt að lána þeim hana, sbr. að öðru leyti 1. gr. 3. tl.

Með samþykki biskups er prestinum heimilt að láta aðra menn aðstoða sig en þá sem nefndir eru í 3. mgr.

11. gr. (Kæra og eftirlit)

Sóknarnefnd getur kært ráðstafanir prestsins samkvæmt 10. gr. til biskups.

1. mgr. gildir ekki þegar presturinn notar kirkjuna til fastrar guðspjónustu, við vígslu eða útfarir.

12. gr. (Afnót biskups af kirkju)

Biskupinn getur notað kirkjurnar í sínu biskupsdæmi með sama hætti og sóknarprestarnir. Í slíkum tilvikum á biskup forgangsrétt að afnotum kirkjunnar.

KAFLI 5

SAMSKIPTIN MILLI SÓKNARNEFNDAR OG PRESTS

13. gr. (Samvinna og gagnkvæmt upplýsingamiðlun)

Sóknarnefnd og prestur skulu eiga samvinnu um afnot kirkju þannig að hún þjóni með bestum hætti dýrð Guðs og uppbyggingu safnaðarins.

Sóknarnefnd og prestur skulu fyrirfram veita hvorum öðrum upplýsingar um fyrirhuguð afnot kirkjunnar. Upplýsingarnar skal veita með svo góðum fyrirvara að sá sem fær upplýsingarnar hafi möguleika á laga sig eftir því eða hugsanlega bera fram mótmæli.

Presturinn á forgangsrétt að afnotum kirkjunnar til guðspjónustu, hjónavígslna og útfara.

Rísi ágreiningur um afnot eða útlán sóknarnefndarinnar á kirkjunni skv. 2. eða 3. kafla og afnotum prests skv. 4. kafla, sem ekki verður leystur samkvæmt 1. eða 2. mgr., kveður biskup upp úr um álitæfnið.

KAFLI 6:

ALMENNAR REGLUR UM AFNOT KIRKJU

14. gr. (Það sem kafliinn fjallar um)

Sé ekki sérstaklega tekið fram eða annað verður ekki ráðið af samhenginu, gilda reglur þessa kafa um öll afnot kirkju samkvæmt köflum 2-4.

15. gr. (Almennar skyldur afnotahafa kirkju)

Sá sem notar kirkju, skal sjá til þess að allt gangi sómasamlega fyrir sig, og að gengið sé um kirkjuna ásamt fylgibúnaði með virðingu og á forsvaranlegan hátt.

16. gr. (Aðgangur að kirkju)

Allir eiga aðgang að samkomum sem haldnar eru í kirkju. Því aðeins má vísa manni á brott, að hann trufla samkomuna eða raski virðuleika kirkjunnar.

Við afnot kirkju til hjónavígslu eða útfara getur presturinn engu að síður, vegna beiðni brúðhjóna eða eftirlifandi, ákveðið að athöfnin fari fram fyrir luktum dyrum.

17. gr. (Aðgangseyrir)

Eigi er heimilt að krefjast fjár fyrir aðgang að kirkju nema við kirkjutónleika og aðrar menningarsamkomur, þar sem sóknarnefnd hefur samþykkt að krefast megi aðgangseyris.

Heimta slíks fjár, t.d. sala aðgöngumiða, má ekki eiga sér stað í kirkjusalnum, en getur t.d. farið fram í skráðhúsinu.

KAFLI 7:**GILDISTAKA OG NIÐURFELLING ELÐRI REGLNA****18. gr. (Gildistaka)**

Reglur þessar öðlast gildi þegar Kirkjubing samþykkir.

19. gr. (Brottfall eldri reglna)

Frá þeim tíma er þessar reglur öðlast gildi, falla brott eldri reglur um afnot af kirkju.